

32. Stjórnarfundur, 26. júní 2014, kl. 8:30

Mætt: Þorvarður Árnason, Tinna Björk Arnardóttir, Vala Garðarsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir, Helga Árnadóttir og Davíð Arnar Stefánsson.


Fjarverandi : Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir.

Fundarstjóri: Davíð Arnar Stefánsson

Fundarritari: Ragnhildur Jónsdóttir

#### Dagskrá

1. Sumarfrí og fyrsti fundur eftir þau
  2. Dagsetning og umfang kynningar Rannís í september
  3. Vox Naturae, samstarf um menntun, miðlun og rannsóknir á loftslagsbreytingum.
  4. Önnur mál
- 
1. Fyrsti fundur eftir sumarfrí var ákveðinn 13. Ágúst kl. 8:30.
  2. Tinna rifjaði upp umræður um Horizon 2020 áætlunina og að fá kynningu frá Rannís. Horizon gerir kleyft að sækja um allt að 80% styrk og að aðilar í Nýheimum geti unnið saman sem teymi að alvöru rannsóknnum. Hún sagði evrópskum stofnunum sem hafa það hlutverk að leita að partnerum í verkefni. Miklar umræður spunnust um tækifærin sem við stöndum frammi fyrir. Til að nýta þau þurfum við að ákveða á hvaða sviðum við höfum sérþekkingu og hvað við getum boðið í samstarfi. Fyrsta skrefið í því er að semja prófilina og senda Davíð. Senda þarf inn prófil fyrir stofnanirnar innan þekkingarsetursins og svo sína einka ferilskrá og prófil. Ákveðið að prófílarnir verði komnir í hendurnar á Davíð í júlílok.
  3. Vox naturae – Þorri sagði frá hugmynd að þrívíddar-, ljósa- og tónverki við Svínafellsjökul. Forsvarsmenn þessa verkefnis hafa útvíkkað hugmyndina og eru í viðræðum við Sameinuðu þjóðirnar um að tengja það við loftslagsbreytingar. Páll Ásgeir Davíðsson einn af upphafsmönnum hugmyndarinnar kemur til Hafnar föstudaginn 27. júní og þá verður kynningarfundur með honum kl. 14:00 í Nýheimum. Vala sagði frá hugmyndum Hornafjarðarsafna um Jökulheima þar sem fjallað verður um jökla á fjölbreyttan hátt. Rætt um hugmynd að jöklaskóla Sameinuðu þjóðanna og margar fleiri hugmyndir og tækifærin sem liggja á þessu sviði.
  4. Önnur mál



# NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

- a) Vala upplýsir að hún og Kristín fari á fund bæjarráðs og leggi fyrir beiðni þess eðlis að SVH fjárfesti í GIS/LUK sem er samnýtanlegt milli SVH og Nýheima þekkingarseturs.
- b) Þorri ræddi um sóknaráætlun landshlutasamtakanna.

Fundi slitið kl. 09:45

Ragnhildur Jónsdóttir

*Ragnhildur Jóns*  
*Árnir A. Stefánsson*